



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
b.t. Sigríðar Láru Ásbergisdóttur

Reykjavík 12. apríl 2012

Sölvhóls götu 4
150 REYKJAVÍK

1202020SA SI
Málalykill: 346

Efni: Sérálit Sambands íslenskra sveitarfélaga með skýrslu um eflingu leikskólastigsins

Eftir yfirferð skýrslu og tillagna um eflingu leikskólastigsins var tekin sú ákvörðun að fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga skilaði séráliti. Fulltrúi sambandsins, Björk Ólafsdóttir, fór utan í morgun og undirritar því framkvæmdastjóri sambandsins álitid. Engu að síður stendur sambandið og fulltrúi þess að tillögum starfshópsins en skilar séráliti til að halda á lofti sjónarmiðum sem ekki hlutu brautargengi innan hans.

Í fyrsta lagi er ástæða til þess að benda á að verkefni starfshópsins var frá upphafi skilgreint afar þröngt og gefur heiti skýrslunnar *Aðgerðir til eflingar leikskólastigsins* ástæðu til að ætla að fleira felist í verkefni hópsins en eingöngu sú aðgerð að fjölga leikskólakennurum með 5 ára meistaranám, og þá karlmönnum hlutfallslega. Efling leikskólastigsins getur eins falist í hækkun á menntunarstigi sem flestra starfsmanna í leikskólum, þ.á.m. ófaglærðra, með fjölbættari námslokum en meistaraáráðu á háskólastigi.

Í öðru lagi er ástæða til að áréttu þá afstöðu sambandsins, sem ítrekað hefur verið komið á framfæri við mennta- og menningarmálaráðherra og Alþingi, að auknar menntunarkröfur fyrir leikskólakennara í lögum frá 2008 hafi verið ótímabærar. Er það álit sambandsins að lenging leikskólakennaranáms sé ein helsta ástæða þess að markmiðum laga um að 2/3 hlutar af starfsfólki leikskóla verði leikskólakennarar, verði tæpast náð næstu áratuginu. Gríðarmikil fækkun hefur orðið í hópi þeirra sem leggja stund á leikskólakennaranám eftir lagasetninguna 2008. Samkvæmt upplýsingum frá HÍ og HA hefur nemum á fyrsta ári í leikskólakennarafræðum fækkað úr 174 árið 2007 í 63 árið 2010 eða um 64%.¹ Það má því ljóst vera, að teknu tilliti til þess að ekki verða útskrifaðir leikskólakennarar með réttindi skv. nýjum lögum árin 2012 og 2013 og aldursamsetningar stéttarinnar, að mikil vöntun verður á menntuðum leikskólakennurum í framtíðinni. Nauðsynlegt er að horfast í augu við þann raunveruleika sem við blasir og telur sambandið afar ólíklegt að krafa um 5 ára meistaranám fyrir a.m.k. 2/3 hluta starfsfólks á leikskólum sé leiðin út úr þeim vanda. Þessi þróun er mikið áhyggjuefni og er ástæða til þess að við frekari umfjöllun um tillögur starfshópsins verði einnig horft til þess möguleika að stytta lögbundna leikskólakennaranámið

¹ Ekki liggja fyrir tölur frá HA um fjölda fyrsta árs nema í leikskólakennarafræðum árið 2011 vegna þess að kennaranámi er ekki skipt milli leikskólakennarafræða og grunnskólakennarafræða fyrr en á öðru ári. Á tímabilinu 2007 til 2011 fækkaði nemum á fyrsta ári í leikskólakennarafræðum við HÍ úr 102 í 23 eða um 77%.

aftur í þrjú ár. Áfram verði þó að sjálfsögðu boðið upp á nám á meistarastigi í leikskólafræðum, með áherslu á tiltekna sérhæfingu sem lýtur að stjórnun, sérkennslu, kennslu á mörkum leik- og grunnskóla o.s.frv.

Er það álit fulltrúa sambandsins að í áframhaldandi vinnu við eflingu leikskólastigsins beri að líta til fleiri þátta, með hagsmuni leikskólabarna að leiðarljósi, þ.m.t. menntun, stöðu, starfsaðstæður og kjör allra starfsmanna leikskóla sem sinna uppeldi og menntun.

Í þeim löndum sem við berum okkur saman við er hvergi gerð krafa um 5 ára meistarapróf vegna kennslu og uppeldis barna frá 0-5 ára aldri. Lögbundin krafa um meistaraprófsréttindi fyrir 2/3 hluta af starfsfólki leikskóla verður að teljast óraunhæft stökk þar sem enn hefur tekist að manna nema að jafnaði um 1/3 stöðugilda leikskóla með leikskólakennurum með B.ed. próf. Þá hefur ekki verið rökstutt hvaða atriðum var ábótavant í menntun leikskólakennara og að hvaða marki verði bætt úr þeirri vöntun með því að lengja námið. Vandinn sem leikskólar standa frammi fyrir er að mati sambandsins ekki menntunarskortur leikskólakennara heldur skortur á menntuðum leikskólakennurum og með lengingu námsins hefur einungis verið aukið við þann vanda.

Í þriðja lagi bendir fulltrúi sambandsins á að tillögur starfshópsins kalla á aukin útgjöld fyrir bæði ríki og sveitarfélög. Ef ætlunin er að leggja fram á Alþingi raunhæfa aðgerðaáætlun til eflingar leikskólastigsins þarf jafnframt að liggja fyrir vandað mat á kostnaðaráhrifum tillagnanna fyrir ríki og sveitarfélög ásamt tillögum um fjármögnun fyrirsjáanlegra aukinna útgjalda. Einnig er af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga lögð áhersla á að vanda þarf til vöktunar á áhrifum tillagnanna almennt.

Í fjórða lagi bendir fulltrúi sambandsins á að tillögur starfshópsins byggjast á forsendum sem verða að teljast nokkuð bjartsýnar. Er því rík ástæða til þess að ákveða hvenær endurmat á aðgerðaáætluninni þurfi að fara fram. Leggur sambandið til að það endurmat komi til framkvæmda innan 4-5 ára.

Í fimmta lagi bendir fulltrúi sambandsins á að almennt ríkir mikil ánægja með starfsemi leikskóla. Kannanir sem gerðar hafa verið af hálfu sveitarfélaga benda til þess að engar stofnanir í samfélaginu njóti meira trausts en leikskólarnir og mikil virðist sátt í samfélaginu um það metnaðarfulla starf sem þar fer fram. Mikilvægt er því að friður ríki um leikskólastarf og að lögð verði áhersla á að hlúa að þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri